

226 Verði breytingar gerðar á skipulagsskránni, samkvæmt því, sem áður segir, skal
16. des. og gæta eftirfarandi fyrir mæla:

- a. Tekjur, sem ekki eru notaðar eitthvert árið, skulu leggjast við höfuðstólinn, nema um einhver kaup sé að ræða, sem krefjast meira fjár en fallið hefur til útborgunar á árinu. Má þá geyma árstekjurnar og verja þeim til kaupanna ásamt tekjum næsta árs á eftir.
- b. Þáverandi stjórn sjóðsins skal semja hina nýju skipulagsskrá og samþykkja hana með meiri hluta atkvæða á ársfundi sjóðsins eða öðrum sérstökum fundi, sem til er stofnað í því skyni, en nemendur skólans skulu þá, áður en skipulagsskráin er endursamin, kjósa sameiginlega (fiskimannadeild og farmannadeild) 2 menn til viðbótar í stjórnina, er eigi sæti í henni og atkvæðisrétt, meðan breytingin fer fram. Skal annar þeirra vera úr kennaraliði skólans, en hinn gamall nemandi, sem ekki er að neinu leyti í þjónustu hans.

11. gr.

Skipulagsskrá þessa skal færa inn í fundargerðabók sjóðsins á undan fyrstu fundargerð hans, dagsetta og undirritaða af fyrstu stjórn sjóðsins, en gjafabréf það, er hún byggist á, skal fest inn fremst í bókina.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af stjórn sjóðsins í samræmi við ákvæði gjafabréfs hjónanna Ágústínu Viggósdóttur og Þorgils Ingvarssonar, dagsett 2. marz 1942, og skal leitað staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á henni.

13. gr.

Skipulagsskrána skal prenta eða fjölrita, og skal henni útbýtt meðal nýrra nemenda skólans í byrjun hvers skólaárs.

227 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Verðlauna- og styrktarsjóð Páls
16. des. Halldórssonar skólastjóra“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 16. desember 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlauna- og styrktarsjóð Páls Halldórssonar skólastjóra.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður af frjálsum samskotum nemenda og samkennara Páls Halldórssonar, fyrrverandi stýrimannaskólastjóra, í minningu um 40 ára starf hans við skólann. Stofnféð er kr. 20000.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er þessi:

1. að örva nemendur stýrimannaskólans til reglusemi, ástundunar og skyldurækni við námið, með því að veita þeim opinberan viðurkenningarvott skólans;
2. að gera föstum kennurum skólans fært að fara utan með hæfilegu millibili, til þess að geta fylgt með öllum nýjum og nýtum framförum í kennslugreinum þeirra, svo að öll þróun á því sviði geti sem fyrst borizt hingað og orðið þjóðvorri til nytsemdar;

3. að veita efnilegum nemendum stýrimannaskólans í Reykjavík svo mikinn styrk **227** til framhaldsnáms erlendis, að á þann hátt megi fá úrval vel menntaðra kennara **16. des.** í siglingafræði eða öðrum námsgreinum skólans.

3. gr.

Skilyrði fyrir verðlaunum eru þau, að nemandinn hafi hlotið ágætiseinkunn í lögskipuðu farmannaprófi eða meira fiskimannaprófi eða öðrum jafngildum prófum við stýrimannaskólann í Reykjavík, að hann sé reglusamur, að hann hafi verið iðinn og ástundunarsamur við námið, tekið óvenju miklum framförum, og öll hegðun og stundvisi verið með ágætum.

Nú hefur nemandi ekki hlotið nema 1. einkunn við burtfararprófið, en fullnægir að öðru leyti verðlaunaskilyrðunum, má þá veita honum verðlaun, fái hann eindregin meðmæli prófdómenda og kennara sinna.

4. gr.

Verðlaun mega vera þessi: Helmingur ársvaxta af stofnfé sjóðsins, þangað til hann er orðinn 25000 kr. Eftir það:

Ársvextir 1000 til 2000 kr.	Verðlaun 500 kr.
— 2000 til 4000 —	— 600 —
— 4000 og þar yfir	— 700 —

5. gr.

Prófdómendur og fastir kennarar skólans ákveða, samkvæmt 3. gr., hverjir hljóta skulu verðlaun, er veita má í peningum, bókum eða öðrum eigulegum munum.

6. gr.

Hverjum verðlaunum skal fylgja prentað verðlaunavottorð, undirritað af út-
hlutunarnefndinni, er annast útgáfu vandaðra og smekklegra verðlaunaeyðublaða. Í þeim skal tekið fram allt það, sem máli skiptir um þá, er verðlaun hljóta.

7. gr.

Föstum kennurum stýrimannaskólans í Reykjavík má veita utanfararstyrk úr sjóðnum, þegar hann hefur aukizt svo að hann er því hlutverki vaxinn. Má þá veita slíkan styrk fjórða hvert ár, einum kennara í senn. Styrkuppghæðina ákveður stjórn sjóðsins, en lágmark hennar skal þó vera 1000 kr.

8. gr.

Þegar sjóður þessi er orðinn það stór, að unnt sé að greiða af ársvöxtum hans verðlaun samkv. 4. gr. og styrk samkv. 7. gr., þá skal jafnan, þegar fyrirsjáanlegt er að skólanum sé þörf á fastakennara og fjárhagur sjóðsins leyfir, veita efnilegum manni, sem lokið hefur námi við stýrimannaskólann í Reykjavík, styrk til framhaldsnáms erlendis, svo að hann geti fengið næga menntun til þess að taka að sér kennslu við skólann. Ef með þarf, má veita sama manni styrkinn tvö ár í röð.

9. gr.

Forstöðumaður stýrimannaskólans auglýsir á sínum tíma styrk þann, er um getur í 8. gr., og veitir umsóknum móttöku. Umsækjendur skulu helzt eigi hafa útskrifazt fyrir meira en 5 árum. Stjórn sjóðs þessa og fastir kennarar skólans ákveða, hver styrkinn skuli hljóta, svo og upphæð hans, er eigi má vera minni en 2000 kr. ársstyrkur. Ef atkvæði verða jöfn með móti, ræður atkvæði forseta.

227

16. des.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Í henni eru: Forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík, og er hann forseti hennar. Yfirkennari í siglingafræði við stýrimannaskólann, elzti (fasti) tungumálakennari hans, formaður elzta starfandi skipstjórafélags í Reykjavík og einn maður, tilnefndur til fimm ára af kennslumálaráðherra Íslands.

11. gr.

Stjórn sjóðsins ber að sjá um, að ávaxta fé hans á sem tryggastan og hagkvæmastan hátt, svo sem í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri jafn tryggri stofnun. Stjórnin hefur á hendi reikningshald sjóðsins og færir allt nauðsynlegt bókhald hans.

12. gr.

Sjóðurinn tekur við öllum þeim gjöfum, er stuðla að vexti hans, svo sem áheitum, dánargjöfum, afmælisgjöfum, minningargjöfum o. s. frv.

13. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal ársreikningur hans, ásamt fylgiskjölum og efnahagsreikningi, sendur stjórnarráði Íslands til endurskoðunar, og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

14. gr.

Eiga skal sjóður þessi bók, er nefnist Dröfn. Skal bók þessi vera hin vandaðasta, blaðsíðutölusett og gegnumdregin. Í bókina skal rita eftir þessari flokkun:

1. ávarp um sjóðstofnun þessa, undirrituð af þeim mönnum, er út gáfu ávarpið, og skipulagsskrá þessa, ritaða af höfundu hennar;
2. allar gjafir ásamt eiginhandar nafni hvers gefanda, ef mögulegt er;
3. efnahagsreikning sjóðsins hvert ár og fundargerðir um styrkveitingar og annað, er þykir hlýða, að þar sé skráð;
4. nöfn þeirra, er verðlaun og styrk hljóta, og það, er þykir við eiga að skráð sé um slíkt.

15. gr.

Stjórn sjóðsins skal rita gerðabók og skrá í hana allt það, er hún telur rétt að bókað sé, annað en það, sem fyrir er mælt í 14. gr.

16. gr.

Þegar sjóður þessi er orðinn það stór, að honum er vel fært að veita nægilega styrki samkv. 7. gr. og 8. gr., auk verðlauna, skal það gert, en þess þá gætt, að eigi minna en $\frac{1}{10}$ hluti af árstekjum sjóðsins leggist við höfuðstólinn. Því ákvæði má aldrei breyta.

17. gr.

Sýni reynslan, er fram líða stundir, að sjóði þessum sé vel fært að hafa viðtækara starfsvið heldur en það, sem tekið er fram í 2. gr., þá má árlega eða með vissu árabili veita fé úr sjóðnum til styrktar almennri stofnun í þágu sjómannastéttarinnar. Stjórnin skal þá ákveða upphæð styrksins.

18. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjórnar Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, Sólvallagötu 61, 3. marz 1943.

Páll Halldórsson.